



## Tilkynning um kæru nr. 102024, stjórnvald.

|                |  |
|----------------|--|
| Búið til       | 26.1.2024 14:49:28   |
| Höfundur       | Ásdís Baldursdóttir  |
| Móttekið dags. | 26.1.2024 14:33:20   |
| Tilheyrir      | USK24010292 - Móvað 15 - kæra 10/2024 - álagning hluta fasteignagjalds |

### Efni

Tilkynning um kæru nr. 102024, stjórnvald.

### Upplýsingar

### Vinnsla

|                |                            |          |          |
|----------------|----------------------------|----------|----------|
| Móttekið dags. | 26.1.2024 14:33:20         | Staða    | Innflutt |
| Eigandi        |                            | Tímamörk |          |
| Málalykill     | 00.14.02 Kæurur og dómsmál |          |          |
| Lykilorð       | kæurur                     |          |          |

### Þátttakendur

|     |  |
|-----|--|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is   |
| Cc  |  |

### Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 26. janúar 2024 ásamt fylgiskjali, þar sem kærð er álagning hluta fasteignagjalds fyrir Móvað 15, gjald vegna sorptunnu fyrir

lífúrgang (matarleifar) þ.s. kærandi er með jarðgerðartunnu (moltutunnu) í garðinu fyrir þann úrgang.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

**Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; &nbsp; &nbsp; &nbsp;**  
**sp; ; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp;**  
Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 5758710  
[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.  
Please consider the environment before printing and choosing transport.

&nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp; &nbsp;

# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVRFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

26.1.2024 10:44

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

|              |                   |
|--------------|-------------------|
| Fullt nafn   | Björn Guðmundsson |
| Kennitala    |                   |
| Heimilisfang | Móvað 15          |
| Póstnúmer    | 110               |
| Staður       | Reykjavík         |
| Sími         |                   |
| Netfang      |                   |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

|              |
|--------------|
| Fullt nafn   |
| Kennitala    |
| Heimilisfang |
| Póstnúmer    |
| Sími         |
| Netfang      |
| Umboð        |

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangi stjórnsvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Skv. álagningarseðli fasteignagjalda fyrir Móvað 15 er lagt á gjald upp á kr. 52.500 fyrir sorptunnu, sem verður alltaf tóm vegna vandaðrar flokkunar á sorpi okkar í Móvaði 15. Um er að ræða tunnu fyrir lífúrgang (matarleifar) og óflokkað sorp. Við erum með jarðgerðartunnu (moltutunnu) í garðinum og í hana fer allur lífúrgangur frá heimilisrekstrinum. Vegna ítarlegrar flokkunar á öðru sorpi heimilisins er óflokkað sorp sáralftið. Það viljum við fara með á gámostöð því ekki er verjandi að greiða kr. 52.500 á ári fyrir tæmingu á umræddri sorptunnu. Hún verður því alltaf tóm. Okkur skilst að á borginni hvíli lagaskylda að hafa umrædda tunnu við heimilið, en það er engin lagaskylda að leggja á okkur umrætt gjald fyrir tunnuna, sem aldrei þarf að tæma.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun

Reykjavíkurborg

Dagsetning ákvörðunar

19.01.2024

Dagsetning ákvörðunar á ekki við

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

## 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tilteknar framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Krafan er að fellt verði niður gjald upp á kr. 52.500 á ári vegna sorptunnu við Móvað 15, sem alltaf verður tóm.

## 5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Kærandi er til fyrirmyndar í flokkun á sorpi svo að tunna fyrir lífúrgang og óflokkað sorp er óþörf við Móvað 15. Telji borgaryfirvöld sig skuldbundin skv. lögum að hafa hana í sorptunnugeymslunni okkar hér er það í lagi okkar vegna, en það er óviðunandi að borgin geri kröfu um að kærandi greiði kr. 52.500 á ári fyrir tunnu sem gagnast honum ekkert og sorphirða borgarinnar þarf aldrei að tæma.

## 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Kærandi hafði samband símleiðis við sorphirðu Rvíkurborgar 2. janúar 2024. Hefur síðan verið í sambandi við Agnesi Guðjónsdóttur hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.

## 7. Rökstuðningur fyrir kæru

Eitt af markmiðum sorpflokkunar er að minnka sem mest umfang óflokkaðs sorps. Kærandi hefur náð því markmiði að óflokkað sorp frá heimilisrekstri að Móvaði 15 er sáralítið, svo lítið að ekki tekur því að setja það í sorptunnu fyrir slíkt sorp og greiða fyrir stórfé á hverju ári. Um er að ræða ca. 2 ryksugupoka á ári ásamt nokkrum eyrnapinum og þráðum úr tepokum. Fleira smálegt í mjög litlu magni. Við viljum fara sjálf með umrætt sorp á gámastöð um leið og við skilum þangað málmum og gleri. Það verður að teljast mjög ósanngjarnt að innheimta gjald fyrir sorptunnu sem er óþörf (og verður alltaf tóm) vegna þess að íbúar í Móvaði 15 standa sig afburðavei í flokkun á sorpi.

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals

Álagningarseðill fasteignagjalda

Númer skjals:

2273018

Fylgiskjal

Álagningarseðill fasteignagjalda 2024.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík 1. febrúar 2024.

**Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í málinu nr. 10/2024, kæra Björns Guðmundsonar, Móaavaði 15, Reykjavík, þar sem kærð er álagning hluta fasteignagjalds fyrir Móaað 15, gjald vegna sorptunnu fyrir lífúrgang.**

Með tölvupósti dags. 26. janúar sl. framsendi úrskurðarnefndin ofangreinda kæru og óskaði eftir að nefndinni yrðu látin í té gögn er málið varðaði. Var Reykjavíkurborg jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst kærunnar.

#### Málsástæður og kröfugerð kæranda

Málsástæður kæranda koma fram í kæru og vísast til þeirra, en kærandi telur að ekki sé lagaskylda til að leggja á sorphirðugjald vegna lífræns úrgangs þar sem kærandi sé með eigin tunnu fyrir lífrænan úrgang/ moltu. Kærandi krefst þess að að fellt verði niður gjald upp á kr. 52.500 á ári vegna sorptunnu við Móaavað 15 þar sem hún verði alltaf tóm.

#### Álit Reykjavíkurborgar


Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda verði hafnað.

Samkvæmt 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skal koma upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði laganna varðandi endurnýtingu úrgangs og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laganna skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Heimilt er m.a. ákveða fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlúta og/eða þjónustustig, sbr. síðasta málsl. 2. mgr. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar, og skal birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 4. mgr., sbr. einnig 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998.

Hið umþrætta gjald í málinu er í samræmi við gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1280/2023, sem tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 29. nóvember 2023, en ekki er skv. gjaldskránni heimilt að fella niður gjaldið þó kærandi sé með eigin tunnu fyrir moltugerð.

Í ljósi framangreinds ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu að kröfu kæranda í málinu verði hafnað. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,



Harri Ormarsson, lögfræðingur



Árið 2024, fimmtudaginn 18. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 10/2024, kæra á ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 19. janúar 2024 um að leggja á gjald vegna sorptunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar fyrir fasteignina Móvað 15.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 26. janúar 2024, kærir Björn Guðmundsson ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 19. janúar 2024 um álagningu gjalds vegna sorptunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar fyrir fasteign hans að Móvaði 15. Er þess krafist að gjaldið verði fellt niður.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 1. febrúar 2024.

**Málavextir:** Hinn 19. janúar 2024 barst kæranda álagning vegna fasteignagjalda fyrir árið 2024. Með álagningunni var kæranda gert að greiða gjald að fjárhæð kr. 52.500 vegna sorptunnu, fyrir lífrænan úrgang og óflokkað sorp.

**Málsrök kæranda:** Kærandi vísar til þess að eitt af markmiðum sorpflokkunar sé að minnka sem mest umfang óflokkaðs sorps. Hann hafi náð því markmiði með ítarlegri flokkun, enda sé óflokkað sorp frá heimilisrekstri hans sáralítið og sjái hann sjálfur um að fara með það á gámastöð. Í garði hans sé svokölluð moltutunna sem í fari allur lífúrgangur. Sé því ekki verjandi að honum sé gert að greiða kr. 52.500 á ári fyrir tæmingu á sorptunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar sem standi ávallt tóm. Þrátt fyrir að á borginni hvíli lagaskylda til að hafa umrædda tunnu við heimili kæranda sjái hann ekki að lagastoð sé fyrir umræddu gjaldi fyrir tunnu sem aldrei þurfi að tæma.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Af hálfu borgaryfirvalda er vísað til þess að skv. 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skuli koma upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það sé nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði laganna varðandi endurnýtingu úrgangs og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efni við með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skuli vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangsefnum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laganna skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Heimilt sé m.a. að ákveða fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata og/eða þjónustustig, sbr. síðasta málsl. 2. mgr. Gjaldið skuli þó aldrei vera herra en sem nemi kostnaði sem falli til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar.

**Viðbótarathugasemdir kæranda:** Vegna athugasemda Reykjavíkurborgar um að gjaldtaka fyrir sorphirðu eigi aðeins að standa undir kostnaði við hana þá bendir kærandi á að aldrei þurfi að hirða hjá honum sorp sem teljist til blandaðs úrgangs og eigi að flokkast í umrætt sorpílát.

**Niðurstaða:** Í máli þessu krefst kærandi þess að felld verði úr gildi álagning gjalds fyrir árið 2024 vegna sorptunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar vegna fasteignar kæranda að Móvaði 15 í Reykjavík.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórn skylt að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi, ásamt því að hún ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar setur sveitarstjórn sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs, umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þar er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpíláta og sambærileg atriði.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 55/2003 er kveðið á um að koma skuli upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi. Sérstök söfnun skuli vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð sé þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skuli sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skuli fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Skuli sveitarfélög útfæra nánara fyrirkomulag söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við þessi fyrirmæli, sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar. Þessu til viðbótar segir í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs að sveitarstjórn sé ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpíláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum. Auk þess skuli fasteignareigandi sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum, sbr. 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Þessi fyrirmæli taka mið af því að meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi. Hún þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki og að sama skapi er íbúum ekki í sjálfsvald sett hvort að þeir nýta sér þjónustuna eða ekki. Í gildi er samþykkt nr. 644/2022 um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 1. júní 2022. Í 4. gr. hennar er fjallað um söfnun á heimilisúrgangi og kemur fram í 1. mgr. að sérhverjum húsráðanda sé skylt að nota þau ílát og aðferðir sem Reykjavíkurborg ákveði. Þá segir í 3. mgr. að Reykjavíkurborg útvegi ílát til notkunar við íbúðarhúsnæði og kemur fram að ílát fyrir lífúrgang séu 120 lítrar. Samkvæmt 5. mgr. skal að lágmarki vera eitt ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang við hvert íbúðarhús. Þessi fyrirmæli verður að túlka með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 55/2003 og verður að álíta að kæranda sé skylt að greiða fyrir þá þjónustu við sorphirðu sem honum stendur til boða eins og öðrum íbúum í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, sbr. lög nr. 103/2021, skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Tekið er fram að skylt sé að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Þó er heimilt að færa innheimtu gjalda að nokkru á

milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laganna auk þess að heimilað er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélags. Samkvæmt 4. mgr. lagagreinarinnar skal birta slíka gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavíkurborg hefur á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 samþykkt gjaldskrá nr. 1280/2023 fyrir meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Öðlaðist hún gildi 1. janúar 2024 og féll um leið úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1305/2022. Samkvæmt gjaldflokki E.1 í 2. gr. gjaldskrárinnar er gjald fyrir tvískipta tunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang (60%) og matarleifar (40%), sótt minna en 15 m frá hirðubíl, kr. 52.500 á ári.

Þegar um svokölluð þjónustugjöld er að ræða gilda ýmis sjónarmið um álagningu þeirra, m.a. að beint samhengi sé á milli fjárhæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem til fellur við það að veita þjónustuna. Fjárhæðin verður einnig að byggjast á traustum útreikningi, en þó hefur verið litið svo á að sé ekki hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði sé heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Sá sem greiðir þjónustugjöld getur hins vegar almennt ekki krafist þess að sá kostnaður sé reiknaður nákvæmlega út heldur er heimilt að haga gjaldtöku svo að um sé að ræða jafnaðargjald.

Við meðferð þessa máls óskaði úrskurðarnefndin eftir upplýsingum um útreikninga á sorphirðugjaldi Reykjavíkurborgar. Í svari til úrskurðarnefndarinnar er greint frá því að hirðugjöld vegna hirðu við heimili miðist við fjölda, stærð og tegund tunnu en hirðugjöld fyrir grenndar- og endurvinnslustöðvar sé fast gjald á íbúð. Hirðugjöldin séu reiknuð samkvæmt leiðbeiningum sem starfshópur á vegum stefnuráðs byggðasamlaga sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi unnið til samræmingar á ákvörðun hirðugjalda á höfuðborgarsvæðinu. Af rekstrartölum fyrir sorphirðu í Reykjavík árin 2014–2022 sést að rekstrarkostnaður er í öllum tilvikum hærri en innheimt gjöld, að undanskildu árinu 2017. Er sú niðurstaða í samræmi við áskilnað 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um að álögð gjöld megi ekki vera hærri en kostnaður sem falli til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna. Verður að telja að kostnaðarliðir vegna sorphirðugjalds Reykjavíkurborgar fyrir tvískipta tunnu falli undir þá þætti sem sveitarfélögum er skylt að innheimta gjald fyrir á grundvelli 2. mgr. 23. gr. sömu laga. Verður að öllu virtu ekki annað séð en að útreikningur hins kærða gjalds hafi byggst á skynsamlegri áætlun. Telst gjaldið því lögmeitt þjónustugjald skv. áður tilvitnuðum ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003.

Með hliðsjón af framangreindu verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.



## Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 19. janúar 2024 um að leggja á gjald vegna sorptunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar fyrir fasteignina Mórað 15.

---

Arnór Snæbjörnsson (sign)

---

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)